



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/658
komudagur 22.12.2004

Reykjavík, 20. desember 2004
HJ/KSG/087/04

Efni: Þingsályktunartillaga um tryggn lágmarkslífeyri, 8. mál.

Vísað er til bréfs, dags. 22. nóvember 2004 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreinda þingsályktun.

Til að byrja með skal tekið fram að lífeyrissjóðsgreiðslur reiknast ekki til skerðingar á grunnlífeyri þannig að eingöngu verður hér fjallað um tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót.

Í fljótu bragði virðist það ekki tæknilega flókið að hafa tekjuskerðingu lífeyrissjóðstekna með þessum hætti. Á hinn bóginn flækir þetta umtalsvert útreikninga tekjutengdra bóta og verður til þess að lífeyrisþegar geta ekki reiknað út eigin bótarétt nema með hjálp tölvuforríts á heimasíðu stofnunarinnar. Ef um aðrar tekjur en lífeyrissjóðstekjur væri að ræða, t.d. fjármagnstekjur, yrði útreikningurinn síðan enn flóknara vegna mismunandi vægis tekjutegundanna.

Vakin skal athygli á því að þingsályktunartillagan myndi fyrst og fremst hafa áhrif á bætur þeirra lífeyrisþega sem hafa nokkuð háar tekjur úr lífeyrissjóði. Áhrifin yrðu engin hjá þeim sem hafa engar tekjur úr lífeyrissjóði og tiltölulega lítil hjá þeim sem eru með lífeyrissjóð undir 50.000 kr. á mánuði.

Hækkun bóta yrði mest hjá þeim lífeyrisþegum sem búa við núverandi núllmark tekjutryggingar einstaklings, þ.e. við það tekjumark þegar tekjutrygging hættir að greiðast samkvæmt núverandi útreikniáðferðum.


Hjá ellilífeyrisþegum er núllmark tekjutryggingar 143.989 kr. á mánuði (miðað við tölur í janúar 2005). Þeir sem hafa þær tekjur úr lífeyrissjóði fengju 36.359 kr. í hækkun tekjutryggingar og þeir sem eru með heimilisuppbót fengju til viðbótar 15.248 kr. hækkun á henni eða samtals 51.606 kr. á mánuði.

Á það skal bent að einfaldri aðferð við að hækka frítekjumark lífeyrissjóðsgreiðslna væri á þá leið að lífeyrisgreiðslur umfram 65.000 kr. á mánuði skertu bætur um 80%. Bætur til lífeyrisþega með lífeyristekjur á milli 50-80 þúsund kr. myndu þá hækka aðeins meira. Munurinn á þeirri aðferð og aðferð þingsályktunartillögunnar yrði mestur fyrir einstakling með 65.000 kr. á mánuði úr lífeyrissjóði þar sem tekjutryggingarauki yrði 1.800 kr. hærri á mánuði.

Meðfylgjandi eru töflur um samanburð á útreikningi bóta, annars vegar á milli núverandi útreikniáðferða og áðferð þingsályktunartillögunnar og hins vegar á milli núverandi útreikniáðferða og einfaldari áðferðar. Reiknaðar eru út bætur til ellilífeyrisþega sem er einn í heimili (fær hærri tekjutryggingarauka og heimilisuppbót) og ekki með neinar aðrar greiðslur en lífeyrissjóðstekjur. Útreikningurinn yrði aðeins öðruvísi hjá örorkulífeyrisþega þar sem tekjutrygging þeirra er 1.059 kr. hærri á mánuði en hjá ellilífeyrisþegum og frítekjumörk tekjutryggingar og heimilisuppbótar eru 1.568 kr. hærri á mánuði.

Að lokum skal tekið fram að á sínum tíma var frítekjumark lífeyrissjóðsgreiðslna herra en annarra tekna. Það var aflagt gagnvart öryrkjum í janúar 1999 og gagnvart ellilífeyrisþegum í júlí 2001 með því að frítekjumark allra annarra tekna var hækkað til samræmis við frítekjumark lífeyrissjóðstekna.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri

Samanburður á tekjum samkvæmt núverandi útreikniaðferða og einfaldari aðferðar

| Lífeyris- sjóðs- tekjur | Viðmiðunartekjur | | | Bótaréttur í dag | | | | | Bótaréttur eftir einfaldari aðferð | | | | | Heildartekjur | | |
|-------------------------------|------------------|----------------------|---------------|------------------|--------------------|-------------------|---------------------|---------------|------------------------------------|--------------------|-----------------------------|---------------------|---------------|----------------|----------------------|-----------------------------|
| | Í dag | Einfaldari aðferð | Mismunur | Ellifeyrir | Tekju- trygging | Tekju- tr.auki | Heimilis- uppbót | Samtals | Ellifeyrir | Tekju- trygging | Tekju- tr.auki | Heimilis- uppbót | Samtals | Í dag | Einfaldari aðferð | Mismunur |
| 0 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 43.113 | 21.259 | 18.080 | 104.445 | 21.993 | 43.113 | 21.259 | 18.080 | 104.445 | 104.445 | 104.445 | 0 |
| 10.000 | 10.000 | 0 | 10.000 | 21.993 | 43.113 | 16.759 | 18.080 | 99.945 | 21.993 | 43.113 | 21.259 | 18.080 | 104.445 | 109.945 | 114.445 | 4.500 |
| 20.000 | 20.000 | 0 | 20.000 | 21.993 | 43.113 | 12.259 | 18.080 | 95.445 | 21.993 | 43.113 | 21.259 | 18.080 | 104.445 | 115.445 | 124.445 | 9.000 |
| 30.000 | 30.000 | 0 | 30.000 | 21.993 | 43.113 | 7.759 | 18.080 | 90.945 | 21.993 | 43.113 | 21.259 | 18.080 | 104.445 | 120.945 | 134.445 | 13.500 |
| 40.000 | 40.000 | 0 | 40.000 | 21.993 | 43.113 | 3.259 | 18.080 | 86.445 | 21.993 | 43.113 | 21.259 | 18.080 | 104.445 | 126.445 | 144.445 | 18.000 |
| 50.000 | 50.000 | 0 | 50.000 | 21.993 | 42.295 | 0 | 17.737 | 82.025 | 21.993 | 43.113 | 21.259 | 18.080 | 104.445 | 132.025 | 154.445 | 22.420 |
| 60.000 | 60.000 | 0 | 60.000 | 21.993 | 37.795 | 0 | 15.850 | 75.638 | 21.993 | 43.113 | 21.259 | 18.080 | 104.445 | 135.638 | 164.445 | 28.807 ¹⁾ |
| 65.000 | 65.000 | 0 | 65.000 | 21.993 | 35.545 | 0 | 14.906 | 72.444 | 21.993 | 43.113 | 21.259 ²⁾ | 18.080 | 104.445 | 137.444 | 169.445 | 32.001 ¹⁾ |
| 70.000 | 70.000 | 4.000 | 66.000 | 21.993 | 33.295 | 0 | 13.963 | 69.251 | 21.993 | 43.113 | 19.459 | 18.080 | 102.645 | 139.251 | 172.645 | 33.394 ¹⁾ |
| 80.000 | 80.000 | 12.000 | 68.000 | 21.993 | 28.795 | 0 | 12.076 | 62.863 | 21.993 | 43.113 | 15.859 | 18.080 | 99.045 | 142.863 | 179.045 | 36.182 |
| 90.000 | 90.000 | 20.000 | 70.000 | 21.993 | 24.295 | 0 | 10.188 | 56.476 | 21.993 | 43.113 | 12.259 | 18.080 | 95.445 | 146.476 | 185.445 | 38.969 |
| 100.000 | 100.000 | 28.000 | 72.000 | 21.993 | 19.795 | 0 | 8.301 | 50.089 | 21.993 | 43.113 | 8.659 | 18.080 | 91.845 | 150.089 | 191.845 | 41.756 |
| 110.000 | 110.000 | 36.000 | 74.000 | 21.993 | 15.295 | 0 | 6.414 | 43.702 | 21.993 | 43.113 | 5.059 | 18.080 | 88.245 | 153.702 | 198.245 | 44.543 |
| 120.000 | 120.000 | 44.000 | 76.000 | 21.993 | 10.795 | 0 | 4.527 | 37.315 | 21.993 | 43.113 | 1.459 | 18.080 | 84.645 | 157.315 | 204.645 | 47.330 |
| 130.000 | 130.000 | 52.000 | 78.000 | 21.993 | 6.295 | 0 | 2.640 | 30.928 | 21.993 | 41.395 | 0 | 17.359 | 80.747 | 160.928 | 210.747 | 49.820 |
| 140.000 | 140.000 | 60.000 | 80.000 | 21.993 | 1.795 | 0 | 753 | 24.541 | 21.993 | 37.795 | 0 | 15.850 | 75.638 | 164.541 | 215.638 | 51.097 |
| 143.989 | 143.989 | 63.191 | 80.798 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 36.359 | 0 | 15.248 | 73.599 | 165.982 | 217.588 | 51.606 ³⁾ |
| 150.000 | 150.000 | 68.000 | 82.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 34.195 | 0 | 14.340 | 70.528 | 171.993 | 220.528 | 48.535 |
| 160.000 | 160.000 | 76.000 | 84.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 30.595 | 0 | 12.830 | 65.418 | 181.993 | 225.418 | 43.425 |
| 170.000 | 170.000 | 84.000 | 86.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 26.995 | 0 | 11.321 | 60.309 | 191.993 | 230.309 | 38.316 |
| 180.000 | 180.000 | 92.000 | 88.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 23.395 | 0 | 9.811 | 55.199 | 201.993 | 235.199 | 33.206 |
| 190.000 | 190.000 | 100.000 | 90.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 19.795 | 0 | 8.301 | 50.089 | 211.993 | 240.089 | 28.096 |
| 200.000 | 200.000 | 108.000 | 92.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 16.195 | 0 | 6.792 | 44.979 | 221.993 | 244.979 | 22.986 |
| 210.000 | 210.000 | 116.000 | 94.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 12.595 | 0 | 5.282 | 39.870 | 231.993 | 249.870 | 17.877 |
| 220.000 | 220.000 | 124.000 | 96.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 8.995 | 0 | 3.772 | 34.760 | 241.993 | 254.760 | 12.767 |
| 230.000 | 230.000 | 132.000 | 98.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 5.395 | 0 | 2.262 | 29.650 | 251.993 | 259.650 | 7.657 |
| 240.000 | 240.000 | 140.000 | 100.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 1.795 | 0 | 753 | 24.541 | 261.993 | 264.541 | 2.548 |
| 250.000 | 250.000 | 148.000 | 102.000 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 21.993 | 0 | 0 | 0 | 21.993 | 271.993 | 271.993 | 0 |

¹⁾ Mismunur á milli þingsályktunartillögu og einfaldari aðferðar

²⁾ Mesti mismunur á milli þingsályktunartillögu og einfaldari aðferðar

³⁾ Mesta hækkun bóta (núllmark tekjutryggingar)